

Samkomulag
milli Dansmenntar ehf, kt. 691105-0750 og SFR kt. 620269-3449
vegna starfskjara kennara við Listdansskóla Íslands

Samningur þessi nær til fastráðinna kennara og undirleikara sem starfa hjá Dansmennt ehf.

SFR félagar þeir sem samningur þessi tekur til falla undir aðalkjarasamning SFR eins og hann er á hverjum tíma, nema er varðar þau ákvæði sem sérstaklega er samið um í samningi þessum.

Kennslutímabilið er 36 vikur á tímabilinu ágúst – maí.

Þar fyrir utan eru alls 6 dagar í undirbúning að hausti og frágang að vori.

Jólafrí er 2-3 vikur

Páskafrí er 1 vika

Sumarleyfi er 6 vikur og tekið á tímabilinu júní-ágúst

Annað launað frí er 4-5 vikur yfir sumartímann

--

Viðvera kennara: 37 vikur (36 í kennslu og rúm 1 í undirbúning/frágang utan kennslutímabils).

Launað frí utan orlofs: 9 vikur

Orlof: 6 vikur


Samtals: 52 vikur

--

Samkomulag er um það að launaskerðing frá 1. ágúst 2009 verði leiðrétt afturvirktil til 1. ágúst 2013.

100% starf miðast við 40 klst. á viku og skiptist í kennslu, undirbúning og frágang vegna kennslu og önnur störf samkvæmt starfslýsingum, sjá í viðauka 1.

1. Kennsla fer fram á tímabilinu 8:00-20:00 á virkum dögum og frá 10:00-15:00 á laugardögum. Kennari sem opna þarf skólann fyrir nemendum að morgni eða loka skóla að vinnudegi loknum fær þann tíma metinn, 15 mín í hvert skipti sem frádrátt á tímum merktum önnur störf.
2. Álag fyrir vinnu sem fellur utan hefðbundins dagvinnutíma er innifalið í launum og endurspælast einnig í afslætti á kennsluskyldu.
3. Dansmennt greiðir allt að kr. 45.000 á árinu vegna endurmenntunar fastráðinna kennarana.
4. Dansmennt tryggir kennurum tvo frídaga í hverri viku og er annar þeirra sunnudagur.
5. Sé kennari sérstaklega kallaður til vegna forfallakennslu (kennslu utan sinna föstu tíma skv. stundaskrá), greiðist sú kennsla sem 100% yfirvinna.
6. Taki kennari annan nemendahóp inn í sinn nemendahóp í kennslustund vegna forfalla annars/annarra kennara, greiðist 50% yfirvinna ofaná viðkomandi kennslustund.
7. Dansmennt setur sig ekki upp á móti því að kennari í 100% starfi vinni hjá samkeppnisaðila.
8. Dansmennt fer ekki fram á að kennarar annað hvort vinni af sér það frí sem þeir fá umfram lögbundið orlof eða skili vinnu á þeim tíma (t.d. með sumarnámskeiðum).
9. Dansmennt býður öllum fastráðnum kennurum sínum að lágmarki 6 vikna launað orlof.
10. Kennarar þeir sem það kjósa geta valið að greiða í LSR. Velji þeir það er Dansmennt ehf heimilt að lækka launagreiðslur til þeirra sem nemur því hlutfalli sem er á milli greiðslna til lífeyrissjóða á almennum markaði og LSR.



11. Kennarar eiga rétt á starfsmannaviðtali einu sinni á ári.
12. Kennarar eiga rétt á launaviðtali einu sinni á ári.
13. 95% kennsla eða meira, jafngildir fullri kennslu eða 100% starfshlutfalli.

Fagstjóri (með framhaldsmenntun eða sambærilega reynslu og þekkingu)

Laun kr. 378.000 á mánuði

Skipting milli starfsþátta:

Kennsla	16 klst á viku	576 klst á ári
Undirbúningur kennslu	14 klst á viku	504 klst á ári
Önnur störf ¹		360 klst á ári

Kaffi og matartímar		212 klst á ári
Óskilgreint frí/endurmenntun		150 klst á ári

Samtals á kennslutímabilinu 40 klst á viku 1800 klst á ári

Kennari 1 - (með framhaldsmenntun eða sambærilega reynslu og þekkingu og hefur unnið 10 ár við Listdansskólann eða í öðrum sambærilegum skóla.)

Laun kr. 354.000 á mánuði

Skipting milli starfsþátta:

Kennsla	17 klst á viku	612 klst á ári
Undirbúningur kennslu	15 klst á viku	540 klst á ári
Önnur störf ²		286 klst á ári

Kaffi og matartímar		212 klst á ári
Óskilgreint frí/endurmenntun		150 klst á ári

Samtals á kennslutímabilinu 40 klst á viku 1800 klst á ári

Kennari 2 – byrjandi (með framhaldsmenntun eða sambærilega reynslu og þekkingu)

Laun kr. 343.000 á mánuði

Skipting milli starfsþátta er sú sama og hjá Kennara 1

Undirleikari

Laun kr. 309.000 á mánuði

Starfið skiptist í 720 kennslustundir í undirleik í kennslustundum, 360 stundir í undirbúning kennslunnar og 360 stundir til ráðstöfunar fyrir skólastjóra í aðra vinnu s.s. próf, fundi, inntöku nýnema ofl.

Samkomulag þetta hefur sama gildistíma og næsti kjarasamningur SFR við ríkið.

¹ Sjá nánar í meðfylgjandi viðauka 1 um starfslýsingu fagstjóra.

² Sjá nánar í meðfylgjandi viðauka 1 um starfslýsingu kennara.


Reykjavík, 2014

30. janúar.

Dansmennt ehf


Jóna Finnsdóttir


SFR



Þórarinn Eyfjörð




Hildur Ólafsdóttir



Helena Jóhannsdóttir



Margrét Gísladóttir



Birgitta Heide

Bókanir með samningi

Aðilar eru sammála um að setja á stofn vinnuhóp/faghóp er hefur það verkefni að fara í stefnumótunarvinnu varðandi framtíðarsýn og markmið skólans. Ásamt því að þróa áfram ábyrgðarsvið og starfslýsingar hjá kennurum skólans.

Stefnt er að því að stöðugildum undirleikara við skólann verði fjölgað.

Aðilar eru sammála um að vinna að framgangi þeirra atriða sem tilgreind eru í Viðauka 2 sem fylgir samningi þessum.



Starfslýsing fagstjóra:

Starf fagstjóra skiptist í kennslu, undirbúning kennslunnar, stjórnun / umsjón með viðkomandi deild og önnur störf skv. ákvörðun skólastjóra og ákvæðum kjarasamnings.

Kennsla fer fram samkvæmt kennsluskrá og í samræmi við reglur skólans.

Innfalið í starfi fagstjóra, auk kennslunnar, er vinna við gerð kennsluskipulags og uppbyggingu skólans ásamt skólastjóra sem ber ábyrgð á verkinu, stefnumótunarvinna og ráðgjöf um fagleg málefni, þátttaka í tillögustarfi og seta í nefndum og starfshópum á vegum skólans. Fagstjóri sér um undirbúning og skipulag kennslu og hefur eftirlit með kennslu annarra kennara í deildinni/brautinni og umsjón með námsmati þeirra. Hann aðstoðar við að setja nýja kennara inn í starf sitt (t.d. kynning og viðhald á Vaganova kerfi) og við móttöku gestakennara samkv. nánara samkomulagi. Hefur umsjón með framvindu nemenda og veitir þeim áheyrn og ráð vegna frekari þjálfunar og náms þegar svo ber undir. Hann tekur þátt í prófdæmingu, einkunnargjöf og miðannarmati. Vinnur við undirbúning og framkvæmd sýninga tengdum skólastarfi (svo sem skipulag, verkefnaval, val á búningum og frágang á tónlist).

Verði um aukasýningar og/eða þátttöku í sýningum utan þess sem að framan er greint, skal fyrirfram semja sérstaklega um endurgjald vegna þeirra starfa.

Fagstjóri tekur þátt í undirbúningi á haustin og frágangi á vorin og situr í inntökunefnd um val á nýnemum.

Viðtalstímar fagstjóra við aðstandendur nemenda fara eftir samkomulagi og þörfum hverju sinni.

Næsti yfirmaður er skólastjóri.

Starfslýsing kennara:

Starf kennara skiptist í kennslu, undirbúning kennslunnar og önnur störf skv. ákvörðun skólastjóra og ákvæðum kjarasamnings.

Kennsla fer fram samkvæmt kennsluskrá og í samræmi við reglur skólans.

Fyrir utan kennsluna sjálfa og undirbúning hennar er innfalið í starfi kennarans umsýsla með nemendum og utanumhald á mætingu þeirra. Hann tekur þátt í námskynningum, prófdæmingu, einkunnargjöf og miðannarmati og vinnu við sýningar tengdum skólastarfi, svo sem val á búningum og frágangi og val á tónlist (undir þetta ákvæði fellur ekki þvottur á búningum). Hann situr fundi og á samskipti við foreldra eftir þörfum. Tekur þátt í stefnumótun og vinnur með fagstjóra varðandi fagleg málefni. Kennari tekur þátt í undirbúningi á haustin og frágangi á vorin og situr í inntökunefnd um val á nýnemum. Kennari sem að undirbýr kennslu og kennir á inntökuprófum skal fá þann kennslutíma greiddan sem yfirvinnu.

Viðtalstímar kennara við aðstandendur nemenda fara eftir samkomulagi og þörfum hverju sinni.

Næsti yfirmaður er fagstjóri viðkomandi deildar.

Starfslýsing undirleikara:

Vinna undirleikarans skiptist í undirleik, undirbúning fyrir kennslustundir og önnur störf skv. ákvörðun skólastjóra.

Vinnan fer fram samkvæmt kennsluskra skólans og í samræmi við reglur hans. Fyrir utan undirleik í kennslustundum og undirbúning fyrir þær er innfalið í starfi undirleikarans vinna við sýningar, próf og inntöku nýnema. Undirleikari tekur þátt í fundastarfi og undirbúningi kennslunnar að hausti og frágangi að vori.

Um er að ræða kennslu bæði á grunn- og framhaldsstigi.

Næsti yfirmaður er skólastjóri.



Viðauki 2.

Viðbótarforsendur við mat á starfsreynslu og menntun

Starfsreynsla

Meta skal starfsreynslu sem starfsmaður hefur öðlast í starfi hjá Listdansskóla Íslands.

Laun starfsmanna skulu taka breytingum sem hér segir:

3 ár	3%
6 ár	3%
9 ár	3%
14 ár	3%
20 ár	3%

5.1. Menntun

Kennari skal hafa hlotið viðurkennda grunnmenntun áður en hann hefur störf við Listdansskóla Íslands, sambærilegri þeirri menntun sem skólinn veitir.

5.1.1. Starfsnám/símenntun sem nýtist í starfi

Starfsmaður sem sótt hefur námskeið upp að 160 stundum við viðurkennda stofnun/fagaðila á starfssviði sínu, skal fá launahækkun sem nemur 3%.

5.1.2 Menntun – mat á háskólanámi

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi, skal fá eftirfarandi launahækkun:

- Starfsmaður sem lokið hefur diplómagráðu á háskólastigi sem samsvarar einu skólaári (30-45 ECTS) og nýtist í starfi, skal fá launahækkun sem nemur 3%.
- Starfsmaður sem lokið hefur grunnámi á háskólastigi (BA/BS/B.Ed og sambærilegt) og nýtist í starfi, skal hækka sem nemur 6%.
- Starfsmaður sem lokið hefur meistaranámi á háskólastigi og nýtist í starfi, skal hækka sem nemur 6%.

Launaflokkar vegna menntunar á háskólastigi geta að hámarki orðið 12% í heildina.

Í störfum þar sem gerð er krafa um háskólamenntun skal félagsmaður í SFR sem hefur háskólapróf ekki vera lægra launaður en ef hann væri í stéttarfélagi háskólamenntaðra.